

Mál nr. 83/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B.****Sakarskipting. Akreinaskipti.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 6. maí 2022.
3. Bréf V2 dags. 6. maí 2022 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. maí 2022.

Málsatvik.

Hinn 30. september 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem váttryggð er hjá V1 og sem M ók umrætt sinn, og B, sem váttryggð er hjá V2, á Austurvegi við Tryggvatorg á Selfossi. Var lögregla kvödd á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 4. október 2021, fyrir nefndinni. Kemur þar fram að á vettvangi hafi mikill ágreiningur verið milli ökumanna um atburðarás í aðdraganda árekstursins. Er þar haft eftir M að hann hafi ekið Suðurlandsveg yfir Ölfusárbrú og inn á Tryggvatorg þar sem hann ók á innri akrein. Hafi hann svo ákveðið að fara á ytri akrein hringtorgsins en þá veitt B athygli en ökumaður hennar hafi gefið í svo M náði ekki að skipta um akrein. Hafi M þá beygt út úr hringtorginu og ekið A áleiðis Austurveg en þá hafi B verið ekið á A. Eftir ökumanni B er haft að hann hafi ekið inn á ytri akrein hringtorgsins frá hægri akrein Eyrarvegar. Hafi hann ætlað að aka áfram eftir hægri akrein Austurvegar en að A hafi þá verið ekið í veg fyrir B. Á grundvelli framangreinds taldi Tjónanefnd váttryggingafélaganna M bera alla sök á árekstri aðila þar eð hann hefði skipt um akrein í veg fyrir umferð. Hann fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að hann telji að ökumaður B hafi vísvitandi ekið á A. Í öllu falli hafi aksturslag B, en henni hafi verið ekið á töluverðri ferð og yfir gangstétt við hringtorg með það að markmiði að koma í veg fyrir akreinaskipti A, leitt til árekstursins. Sæki sú afstaða jafnframt stoð í gögn málsins, og sé ljóst a skemmdum á A að B hafi verið ekið á hana á töluverðum hraða. Í þeim tilgangi að aka áfram eftir Austurvegi, sem er aðeins ein akrein til austurs frá gatnamótum Sigtúns og Austurvegar, hafi M verið óhjákvæmilegt að skipta um akrein og hafi B átt að vera fullkunnugt um það enda hafi M jafnframt gefið akreinaskiptin til kynna með stefnumerki.

V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að M beri alla sök á árekstri aðila enda hafi hann ekki gætt nægilega að annarri umferð áður en hann skipti um akrein. Ljósmyndir af vettvangi sýni þá að B hafi við áreksturinn verið alveg við hægri brún vegar en A á miðjum veginum, u.þ.b. hálf á hvorri akrein hans.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að það hafi verið B sem ók á A, B hafi gefið í hraða bifreiðarinnar og ekið yfir gangstétt við Austurveg í þeim tilgangi að aka á A. Þá lýsir M ágreiningi sem verið hafi milli M og B og kunni að vera skýringin á þessari hegðun B, en ljóst sé að hinn síðarnefndi hafi valdið árekstrinum af ásetningi eða gáleysi. Krefst M því þess að öll sök á umræddum árekstri verði felld á B.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumanni, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Líta verður á fyrirliggjandi lögregluskýrslu sem frumgagn í málinu. Verður því byggt á því sem þar kemur fram en ekki síðar tilkomnum lýsingum eða uppdráttum sem liggja fyrir nefndinni. Af ljósmyndum í skýrslunni má greina að árekstur aðila hafi átt sér stað stuttu eftir að þeir óku úr hringtorginu til austurs. Má þar jafnframt sjá að B var, í kjölfar áreksturs, við hægri brún vegar, og annað afturhjóla hennar á gangstéttarbrúninni. A var þá staðsett á miðjum veginum, þ.e. á báðum akreinum. Þá má einnig ráða af umræddum ljósmyndum að báðir ökumenn hafi hemlað í aðdraganda áreksturs. Af þessum gögnum má ráða að orsök árekstursins hafi verið sú að M hóf

akreinaskipti á umræddum stað. Án frekari gagna, svo sem vitnisframburða, sem styðji við frásögn hans er því ekki tækt að byggja á lýsingum M í málskoti varðandi meintan hraðakstur B eða ásetning til að aka á A og að B hafi í þeim tilgangi m.a. ekið eftir gangstétt á vettvangi. Verða slíkar ályktanir þá ekki leiddar af því að annað afturhjóla B hafi verið á gangstéttarbrúninni í kjölfar áreksturs, eða því að einhvers konar núningsför séu við gangstéttarbrún við ytri akrein hringtorgsins. Er því ekki sýnt fram á að aksturslag B hafi umrætt sinn verið í andstöðu við umferðarlög. Af framburði M fyrir lögreglu má þá ráða að hann hafi áður, þ.e. inni í hringtorginu sjálfu, reynt akreinaskipti, en hætt við vegna staðsetningar B í hringtorginu. Verður því að telja að M hafi verið kunnugt um staðsetningu B og að sérstakrar aðgátar væri þörf við akreinaskipti svo nálægt hringtorginu. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að M hafi ekki gætt nægilega að annarri umferð áður en hann skipti um akrein og að rekja megi umræddan árekstur til þess.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 14. júní 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir